

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 1999

12. nóvember 1999

2019

Nr. 753

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum í Meðallandsbug.

1. gr.

Frá og með kl. 16.00 15. nóvember 1999 til 1. janúar 2000 eru allar síldveiðar bannaðar á svæði í Meðallandsbug sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°44,80 N - 17°30,00 V | 3. 63°20,00 N - 16°00,00 V |
| 2. 63°20,00 N - 17°30,00 V | 4. 64°07,69 N - 16°00,00 V |

Að norðan afmarkast svæðið við fjöruborð.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. nóvember 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.